

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 98/2000

frá 27. október 2000

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2000 frá 2. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1618/1999 frá 23. júlí 1999 um viðmiðanir við gæðamat á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 1c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2707/98) í XXI. viðauka við samninginn:

„1d. **399 R 1618:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1618/1999 frá 23. júlí 1999 um viðmiðanir við gæðamat á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja (Stjtíð. EB L 192, 24.7.1999, bls. 11).“

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 315, 14.12.2000, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 59, 14.12.2000, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 192, 24.7.1999, bls. 11.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1618/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

G. S. Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.